

**Námsáætlun fyrir dönsku - 10. bekkur**  
**skólaárið 2025 – 2026**



**Kennari:** Hildur Hauksdóttir og Jóhanna Pálsdóttir

**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku

| Námsþættir                                                                           | Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti:                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                           | Kennsluhættir/leiðir                                                                       | Námsmat                                                                                      |
|--------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Lota 1</b><br><br><b>Smil les- og vinnubók B</b><br><br><b>Jeg elsker Danmark</b> | <p>Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögunum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. (Hlustun)</p> <p>Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu. (Lesskilningur)</p> <p>Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. (Ritun)</p> <p>Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni. (Námshæfni)</p> | <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Hlustun</p> <p>Lestur</p> <p>Verkefnavinna</p> <p>Samræður</p> | <p>Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt í lotunni.</p> <p>Orðaforðapróf.</p> <p>Kynning.</p> |

|                                                                                        |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |                                                                     |                                                                                                                    |
|----------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                                                        | Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni. (Menningarlæsi)                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |                                                                     |                                                                                                                    |
| <b>Lota 2</b><br><br><b>Smil les- og vinnubók B</b><br><br><b>Jagten på berømmelse</b> | <p>Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr. (Hlustun)</p> <p>Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með, sagt skoðun sína og brugðist við spurningum. (Frásögn)</p> <p>Getur greint milli norrænna tungumála, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska. (Menningarl.)</p> <p>Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í. (Samskipti)</p> <p>Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um</p> | Einstaklingsvinna<br>Hlustun<br>Lestur<br>Verkefnavinna<br>Samræður | Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt í lotunni.<br>Orðaforðapróf.<br>Samanburður á Norðurlandamálunum.<br>Kynning. |

|                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                                                                                |                                                                                                    |
|------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                                                                | <p>merkingu orða. (Námshæfni)</p> <p>Skrifað um eða brugðist skilmerki-<br/>lega við því sem hann hefur hlustað<br/>á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu<br/>formi textagerðar þar sem það á<br/>við. (Ritun)</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |                                                                                |                                                                                                    |
| <p><b>Lota 3</b></p> <p><b>Smil les- og<br/>vinnubók B</b></p> <p><b>Du er rigtig klog</b></p> | <p>Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d.<br/>úr dagblöðum, tímaritum og<br/>netmiðlum sem fjalla um efni er<br/>varðar líf hans, aðstæður eða<br/>umhverfi, brugðist við efni þeirra,<br/>sagt frá eða unnið úr á annan hátt.<br/>(Lesskilningur)</p> <p>Tekist á við margs konar aðstæður í<br/>almennum samskiptum, t.d. miðlað<br/>og tekið á móti upplýsingum á<br/>ferðalögum, sem gestgjafi eða í<br/>netsamskiptum. (Samskipti)<br/>Flutt stutta frásögn eða kynningu<br/>um undirbúið efni blaðalaust og af<br/>nokkru öryggi. (Frásögn)</p> <p>Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til<br/>að skapa nýja þekkingu og nota í<br/>nýju samhengi. (Námshæfni)</p> | <p>Einstaklingsvinna<br/>Hlustun<br/>Lestur<br/>Verkefnavinna<br/>Samræður</p> | <p>Leiðsagnarmat fer fram jafnt og<br/>þétt í lotunni.<br/>Orðaforðapróf.<br/>Lesskilningspróf</p> |
| <b>Lota 4</b>                                                                                  | <p>Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært<br/>einföld rök fyrir máli sínu og tekið</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      | <p>Einstaklingsvinna<br/>Hlustun</p>                                           | <p>Leiðsagnarmat fer fram jafnt og<br/>þétt í lotunni.</p>                                         |

|                                                                                                                                                               |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |                                                                                            |                                                                                                                                               |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p><b>Ekko les-og vinnubók</b></p> <p><b>Valið efni úr</b></p> <p><b>Skoleliv</b></p> <p><b>Du, jeg og resten af verden</b></p> <p><b>Fremtids-drømme</b></p> | <p>tillit til sjónarmiða viðmælanda. (Samskipti)</p> <p>Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. (Ritun)</p> <p>Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma. (Menningarlæsi)</p> <p>Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf. (Námshæfni)</p> | <p>Lestur</p> <p>Verkefnavinna</p> <p>Samræður</p>                                         | <p>Orðaforðapróf.</p> <p>Ritun</p>                                                                                                            |
| <p><b>Lota 5</b></p> <p><b>Smásögur</b></p> <p><b>Þemaverkefni:</b></p> <p><b>Lokaverkefni</b></p>                                                            | <p>Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim. (Hlustun)</p> <p>Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur/skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og</p>                                                                                                                                                                                                                                                                                                     | <p>Einstaklingsvinna</p> <p>Hlustun</p> <p>Lestur</p> <p>Verkefnavinna</p> <p>Samræður</p> | <p>Leiðsagnarmat fer fram jafnt og þétt í lotunni.</p> <p>Orðaforðapróf.</p> <p>Lesskilningspróf</p> <p>Hlustunarpróf</p> <p>Lokaverkefni</p> |

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |  |  |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|--|
|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 | <p>tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi. (Lesskilningur)</p> <p>Samið, æft og flutt frumsamið efni t.d. stutt atriði eða sögu, einn í félagi við aðra. (Frásögn)</p> <p>Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín. (Ritun)</p> <p>Unnið sjálfstætt með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja. (Námshæfni)</p> |  |  |
| <p><b>Námsgögn:</b><br/> Smil, lesbók, vinnubók B og hlustunarefni. Valdir kaflar úr Ekko, efni af veraldarvef og fl.<br/> Verkefni úr málfræðibókinni Grammatik,<br/> Valdar smásögur og verkefni: Alarm, Scooter, Hvem skal lave det kedelige, Alfred, Pigen med det blå hår.<br/> Dönsk þáttaröð/kvikmynd/fréttaefni</p>     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |  |  |
| <p><b>Lokanámsmat:</b><br/> Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C, D.</p> |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |  |  |